

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 240/2006**2008/EES/73/30**

frá 10. febrúar 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykka ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópubandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd⁽²⁾ var fyrsta gerðin um slíkar ráðstafanir.
- 2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegu grunnreglurnar nákvæmari.
- 3) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.

4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Markmið**

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

*2. gr.***Gildistaka**Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 40, 11.2.2006, bls. 3. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 19.10.2006, bls. 23.

(¹) Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).

(²) Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 65/2006 (Stjtið. ESB L 11, 17.1.2006, bls. 5).

VIÐAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
